



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2017

## FÓHE2FU03

Heilbrigði og umhirða

<b>Kennarar:</b>	<b>Sigurður Torfi Sigurðsson og Sveinn Ólason</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>STS SÓ</b>
------------------	---	---------------	---------------

**Áfangalýsing:** Meginviðfangsefni áfangans er að kenna helstu undirstöðuatriði varðandi almenna umhirðu hesta er stuðla að heilbrigði og velferð þeirra. Farið verður yfir líkamsbyggingu hestsins, stoðkerfi, bein, vöðva og meltingarfæri. Nemendur kynnst skala holdastigunnar og læra að meta holtastig. Farið verður yfir grundavallaratriði er tengjast heilsu hrossa og helstu sjúkdóma. Þá verður farið vel yfir hófa og fætur hrossa og sú þekking tengd praktískum þáttum varðandi járnungu og hófhirðu. Nemendur fá kennslu í meðhöndlun járnungaverkfæra og læra að klippa til hófa, móta til skeifur á einfaldan hátt og járna með aðstoð og undir eftirliti kennara.

**Undanfari:** HEST1ÞGF05, REIM2GÞ05, FÓHE1GR03

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- undirstöðuatriðum er varðar almenna umhirðu hesta er stuðla að heilbrigði og velferð þeirra.
- líkamsbyggingu hestsins, stoðkerfi, beinum og vöðvum
- meltingarfærum hrossa
- uppbyggingu hófa og fóta.
- holdafari hesta, holdastigunnarkvarða
- helstu staðreyndir er lúta að heilbrigði og heilsufari hesta
- algengustu hrossa-sjúkdómum
- helstu staðreyndir er lúta að umhirðu fóta og hófa.
- sögu og þróun járninga
- mismunandi vinnuaðferðum við járnungar.
- helstu járnungarverkfærum og hvernig þau eru notuð.
- hvaða þættir hafa áhrif á hófvöxt.
- helstu atriði er varða skeifur, hóffjaðrir og annað efni sem notað er við járnungar.

### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- leggja mat á andlegt og líkamlegt ástand hesta
- leggja mat á heilbrigði hrossa
- nefna helstu sérkenni á líkamsbyggingu hrossa
- geta nefnt helstu heiti á líkama hestsins
- lyft upp öllum fótum hestsins þvingunarlaust
- meta holdafar
- geta lagt mat á ástand járninga
- meðhöndla járningaverkfæri
- móta til skeifur
- negla skeifu sem hefur dottið undan aftur á hóf, járnað undir eftirliti kunnáttumanns

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- aðstoða við almenna hirðingu á hrossum
- þekkja útlit heilbrigðs hests
- geta greint ef hestur er ekki í eðlilegu ásigkomulagi
- meta holdafar hrossa
- meta ástand járninga
- festa skeifu aftur sem hestur hefur misst undan

### **Námsefni:**

Hestafræði Ingimars, Knapamerkjabækur, ýmis efni frá kennara.

Greinar og ítarefni sem tengjast námsefninu verða birtar á Moodle

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni	Kennari
34	21.– 25. ágúst	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs Járningar umræða og tilgangur		STS
35	28. – 1. sept	Járningar og hófhirða.		STS
36	4.- 8. sept	Járningar og hófhirða. Verklegar æfingar		STS
37	11.-15. sept	Járningar og hófhirða. Verklegar æfingar	Verkefni 1 lagt fyrir.	STS
38	18.-22. sept	Beinagrind hrossa		SÓ
39	25. - 29. sept	Vöðvakerfi hrossa		SÓ
40	2.- 6. okt	Meltingarvegur hrossa og innri líffæri		SÓ
41	9.- 13. okt	Fóðrun og mat á holdafari.		STS
42	16. - 20. okt	Fóðrun og mat á holdafari.	Verklegar æfingar Verkefni 2 lagt fyrir	STS
43	23. - 27. okt	Hestasjúkdómar og helsta meðhöndlun þeirra		SÓ
44	30.okt - 3. nóv	Hestasjúkdómar og helsta meðhöndlun þeirra		SÓ
45	6. - 10. nóv	Hestasjúkdómar og helsta meðhöndlun þeirra	Verklegar æfingar	SÓ
46	13. - 17. nóv	Fóðrun og mat á holdafari.		SÓ / STS
47	20. - 24. nóv	Járningar og hófhirða. Verklegar æfingar	Verkefni 3 lagt fyrir.	STS
48	27. nóv – 1. des	Járningar og hófhirða. Verklegar æfingar		STS
49	4. des - 8. des	Samantekt og upprifjun. Námsmat hefst.		

### Sérreglur áfangans:

Hluti áfangans getur verið kenndur í formi námskeiða eða verkefna utan skólatíma, þeir tímar koma þá í stað bókaðra tíma í samráði milli kennara og nemanda. Skilaverkefni eru 3 talsins í hluta STS verkefni Nánari útskýringar á verkefnum verða um leið og þau eru lögð fyrir.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni 1-3		30%
Lokapróf	E.t.v. heimapróf í lok áfangans	30%
Verkefni SÓ		15%
Verkefni SÓ		10%
Ástundun	Mætingar og virkni í umræðum	15%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**